

UNGT FÓLK, TÓNLIST OG NETIÐ

„Hægt er að
sækja tónlist á
Netið á öruggan
og löglegan
hátt.“...

„Það hljómar
frábærlega!“



Að skiptast á tölvuskram. Leiðbeiningar
fyrir foreldra.



Hvað er átt við með því að skiptast á tölvuskrám (P2P)?

Sem foreldri eða forráðamaður hefur þú líklega heyrt börnin þín og unglíngana á heimilinu tala um að sækja sér eða hlaða niður efni af Netinu (downloading), deila efni (file sharing) eða stunda skráarskipti á netinu (peer to peer – P2P). Ástæðan er einföld: tónlist og kvikmyndir.

Fólk á öllum aldri hefur alltaf haft gaman af því að skiptast á tónlist og kvikmyndum. Netið hefur gert það afar auðvelt að skiptast á tónlist og kvikmyndum við aðra. Milljónir manna víðs vegar í heiminnu notfæra sér þjónustu á borð við Kazaa, LimeWire og BitTorrent sem bjóða upp á skráarskipti með ýmiss konar efni.

Skráarskipti hafa verið mikið í brennidepli í fjölmiðlum vegna lögfræðilegra álitafna sem tengjast því að skiptast á tónlist og kvikmyndum sem njóta verndar samkvæmt höfundalögum. Þetta er þó einungis ein af mörgum áhættum sem þetta athæfi felur í sér. Í þessum leiðbeiningum skoðum við málefnið á breiðari grundvelli og auðveldum þér að skilja hvernig fjölskyldan getur notið stafrænnar tónlistar, kvikmynda og annars efnis en búið áfram við öryggi og haldið sig innan ramma laganna.

„Hvernig geta börnin mín notið stafrænnar tónlistar og kvikmynda á Netinu en búið um leið við öryggi og haldið sig innan ramma laganna?“

„Dæmigert! Ég ve
rétt að átta mig
þessu „www“ og þ
kemur „P2P“.



Hvernig skiptist fólk á tölvuskrám?

Netkerfi til að skiptast á skráum eru öll svolítið mismunandi en undirstaðan er sú að einstaklingur sem ætlar að fara að skiptast á skráum fer inn á vefsíðu og sækir þar til gerðan hugbúnað í tölvuna sína. Venjulega býr hugbúnaðurinn til möppu fyrir „sameiginlega miðla“ í tölvunni þinni. Þetta hefur það í för með sér að opnað er svæði á tölvunni fyrir hverjum sem vilja skiptast á skráum. Þetta gerir þér kleift að skiptast á ljósmyndum og kvikmyndum, og sömuleiðis tónlist, hugbúnaði og leikjum, beint milli þinnar tölvu og tölvu annarra.

„Ég sýni þér möppu eiganda míns ef þú sýnir mér þína.“



„Enga ósvífni hér.“



Hverjar eru hætturnar fyrir börnin mín?

Ýmsir kostir eru við að skiptast á skrá – t.d. gætir þú komið eigin tónsmíðum á framfæri við milljónir manna. En hætturnar er einnig raunverulegar.

SKAÐLEGT INNIHALD/ SAMSKIPTI

Mesta hættan fyrir börn við skipti á tölvuskrá er óheftur aðgangur að óæskilegu efni á borð við klám- eða ofbeldismyndir. Raunar hafa rannsóknir sýnt að afar mikið er um að skipst sé á klámi um Netið og að fólk skýri skrár vísitandi röngum nöfnum til þess að tæla aðra til að hlaða þeim niður í tölvuna sína. Síá sem getur lokað fyrir vefsíður og lykilorð á vefsíðum lokar sjaldnast fyrir klám- eða ofbeldisljósmyndir eða kvikmyndir á netkerfum til skráarskipta. Jafnvel skrár sem nefnast Bangsímón (Winnie the Pooh) eða Pókemon hafa reynst innihalda klámefni.

Sem foreldri þarft þú einnig að vita að hugbúnaður til þess að skiptast á skrá getur gert notendum kleift að spjalla við aðra sem eru að skiptast á skrá, sem flestir eru ókunnugt fólk, þannig að sömu reglur og um spjall á Netinu ættu jafnframt að gilda um þetta. Sjá sem dæmi vefsíðurnar <http://www.ismennt.is/spjall/> og <http://www.saft.is>.

„Geta börnin mín nálgast klámefni þegar þau skiptast á tölvuskrá?“

FRÍÐHELGI EINKALÍFSINS OG ÖRYGGI

Hugbúnaður til að skiptast á skráum opnar „dyr“ að tölvunni þinni sem geta stofnað einkalífi þínu og öryggi í hættu.

Njósnaughugbúnaður. Mesti skaðvaldurinn er njósnaughugbúnaður – smágerð hugbúnaðarkerfi sem hlaðast niður með miðlaskrá eða „tengd“ eru við hugbúnaðinn til skráarskipta.

Í sumum tilvikum fylgist njósnaughugbúnaðurinn jafnvel með innslætti þínum á lyklaborðinu og gerir þeim sem honum stjórnar kleift að nálgast lykilorð, kreditkortanúmer eða aðrar trúnaðarupplýsingar í tölvunni þinni.

Friðhelgi einkalífsins. Þú getur óafvitandi skipst á fleiri tölvuskráum við aðra en þú hafðir ætlað þér. Eins og rannsóknir hafa leitt í ljós gætu þar á meðal verið trúnaðarupplýsingar á borð við læknaskýrslur og fjárhagsupplýsingar.

Veirur. Tölvur þeirra sem skiptast á skráum eru viðkvæmar fyrir veirum sem sýkt hafa vélbúnað annarra á skráarskiptakerfunum. Einnig fyrir tölvuþrjótum sem reyna að fjarstýra tölvum eða vilja græða peninga með því að nota þúsundir af tölvum til að senda auglýsingar um hagstæð veðlán og ódýr lyf án þess að eigendur þeirra hafi hugmynd um það. Í einni rannsókn kom í ljós að næstum helmingur af hugbúnaðarskrám á tilteknu skráarskiptakerfi innhéldu veirur eða aðra skaðvalda.¹

„Gæti
verið að
aðrir komist
trúnaðarskrá
í tölvunni
minni?“

Ef barnið þitt hleður niður illvígum skráum af þessu tagi gæti heimilistölvan þín m.a. verið notuð til að dreifa klámi.

¹ Sjá enska grein í Wired News: www.wired.com/news/business/0,1367,61852,00.html

LAGALEG ÁHÆTTA

Þúsundir einstaklinga sem skiptast á skráum hafa verið lögsóttir af hljómplötu- og kvikmyndaiðnaðinum – og hafa margir hverjir þurft að greiða háar fjárhæðir. Þó það sé í himnalagi að skiptast á efni sem er þitt eigið sköpunarverk er raunin sú að næstum öll tónlist og kvikmyndir á skráarskiptakerfunum njóta verndar samkvæmt höfundarétti og því tekur fólk sem deilir slíku efni (sendir það frá sér) lagalega áhættu.

„Er það satt að hægt væri að lögsækja son minn fyrir að sækja tónlist í skráarskiptakerfi?“

Í flestum löndum er ólöglegt að sækja tónlist með skráarskiptum, en fólk sem „deilir“ eða „hleður upp“ tónlist eða kvikmyndum á Netið, einkum ef það hleður miklu upp, tekur meiri hættu á að vera lögsótt. Foreldrar geta verið gerðir ábyrgir fyrir því sem gerist í fjölskyldutölvunni, jafnvel þótt þeir ástundi ekki saknæmt athæfi sjálfir. Að meðaltali hefur fólk sem samið hefur utan dómstóla þurft að greiða hundruð þúsunda króna.

„Krakkarnir mínir spara morðfé með því að sækja tónlist á netið...“

„Það hélt ég nú líka þar til ég þurfti að borga lögfræðikostnaðinn.“



Hver eru þá úrræði okkar sem foreldrar?

Það eru 3 hagnýt skref sem hægt er að stíga strax.

1. Talið við þá sem eru að skiptast á skráum á heimilinu!

Skráarskipti og önnur tækni á heimilinu eru tækifæri til að auka samskipti foreldra og barna og unglinga. Fáðu börnin þín til að sýna þér hvernig þau nota tölvuna og hvaða efni þau eru að deila með öðrum. Talaðu um höfundarétt og hver tapar þegar t.d. tónlist er dreift á Netinu – eru það tónlistarflytjendur? Lagasmiðir? Eru þeir sviptir möguleikum á að afla sér viðurværis með vinnu sinni? En einnig – hver borgar brúsann ef einhver á heimilinu verður lögsóttur?

„Ég vona að þú sért ekki að bera einkamál okkar á torg“

„Enga eigingirni pabbi - skattframtalið þitt er nú þegar búið að skemmta 60 milljónum manna.“





2 Athugaðu tölvuna þína

Þú getur gengið úr skugga um hvað er í heimilistölvunni þinni – hvort sem þú eða einhver annar heimilismaður kom því þar fyrir. Fáanlegur er ókeypis hugbúnaður sem leiðbeinir þér skref fyrir skref að finna eða aftengja hugbúnað til skráarskipta; sjá t.d. íslensku vefsíðurnar www.samtonn.is, www.smais.is og www.saft.is.

Einnig er mikilvægt að tryggja að tölvan þín sé varin gegn veirum og njósnahugbúnaði og sé búin eldvegg. Þú ættir að geta fengið frítt veiruvarnaforrit frá þjónustuveitu þinni. Nýjasti veiruvarnahugbúnaður getur hjálpað til við að finna allt sem hlaðið er niður úr skráarskiptakerfum. Sjá vefsíðuna www.netoryggi.is til að fá nánari upplýsingar um ýmis hjálpargögn til að hjálpa til við að verja tölvuna þína.

**„Hvernig
get ég vitað
að ég sé með
skrár sem
gerðar eru
aðgengilegar
öðrum í
tölvunni
minni?“**

3 Skoðaðu löglegt tónlistarefni á Netinu

Til er ofgnótt af því – meira en milljón lög sem falla undir allar tónlistarstefnur og tímabil – bæði til kaups og ókeypis. Einnig er þar að finna töluvert magn af sjónvarpsefni og kvikmyndum. Fyrir minna en það kostar fyrir fullorðinn að ferðast í strætó getur þú sótt lag frá löglegri tónlistarveitu og átt það til æviloka. Til eru fjölmargar löglegar tónlistarveitur á Netinu og slíkar vefsíður eru öruggar og tryggja hljómgæði. Jafnframt er kvikmyndaveitum stöðugt að fjölga. Tengla á vefsíður sem tilheyra yfir 200 löglegum tónlistarveitum um heim allan, þ.á m. á Íslandi, er að finna á ensku vefsíðunni www.pro-music.org/musiconline.htm.

Einnig er á boðstólum gnótt af ókeypis tónlist á Netinu – á síðum þar sem tónlistarmenn vilja að aðdáendur nálgist sýnishorn af tónlistinni og frétti um tónleika og plötur sem þeir eru að kynna. Til að finna slíkt efni ber

að leita að höfundum, flytjendum

eða framleiðendum sem eru í

uppáhaldi á þeirra eigin

síðum. Hljómgæðin

geta verið mismikil

en gaman er að

kynna sér

fjölbreytt

efni.

„Nýju tónlistarsíðurnar eru eins og að hafa plötubúð í herberginu sínu.“

„Eins og hægt sé að troða einhverju inn í herbergið þitt.“



Hjálpargögn og frekari ráðleggingar



www.netfamilynews.org eru daglegar fréttir fyrir foreldra um tæknina sem börnin eru að sýsla við, þ.m.t. það nýjasta um skráarskipti (P2P). Síðan er á ensku.



www.netoryggi.is er upplýsingavefur sem rekin er af Póst og Fjarskiptastofnun. Þar má finna ýmsar upplýsingar um Netið og hvernig hægt er að forðast hætturarnar sem því fylgir.



www.ismennt.is/spjall er einföld síða sem fjallar um þær reglur sem gott er að temja sér við spjall á netinu.



www.saft.is er upplýsingavefur með kennslufni fyrir börn og leiðbeiningar fyrir foreldra um hvernig hægt er að njóta Netsins á jákvæðan og öruggan hátt. Þar eru einnig tenglar á margar gagnlegar vefsíður um örugga netnotkun. SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni er vakningarverkefni um jákvæða og örugga notkun barna og unglinga á Netinu og tengdum miðlum.

Um þessar leiðbeiningar

Þessar leiðbeiningar fyrir foreldra eru skrifaðar af góðgerðarstofnun fyrir börn, Childnet International and Net Family News, Inc., með stuðningi frá Pro-Music. Myndirnar eru eftir John Byrne.

Skoðanir sem hér birtast eru úr upprunalegum bæklingi Childnet. Childnet samtökin eru ekki rekin í hagnaðarskyni og hafa það að leiðarljósi að gera Netið að þroskandi og öruggum stað fyrir börn. Þau eru skráð sem góðgerðarstofnun í Bretlandi (nr. 1080173). Sjá www.childnet-int.org.

Pro-Music er fræðsluherferð tónlistariðnaðarins um heim allan um stafræna tónlist. Stuðningur við gerð þessara leiðbeininga kemur frá aðildarfélögum Pro-music, sem eru fulltrúar tónlistamanna, flytjenda, stærri og minni hljómplötuframleiðenda, útgefenda og smásala í tónlistargeiranum. Útgefendur bæklingisins hér á landi eru Samtönn (Samtök tónlistarréttihafa <http://www.samtonn.is>), SMÁÍS (Samtök myndrétthafa <http://www.smais.is>) og SAFT, sem er vakningarátak á vegum Heimilis og Skóla. Unnt er að panta eintök af þessum bæklingi með því að senda póst á tölvupóstföngin smais@smais.is og saft@saft.is.

